



Samfélag sjálfstætt starfandi fræðafólks Stefnuskrá stjórnar RA 2021–2022



Samfélag sjálfstætt starfandi fræðafólks

Stefnuskrá stjórnar RA 2021–2022

Ritstjóri Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir

Samfélag sjálfstætt starfandi fræðafólks. Stefnuskrá
stjórnar 2021–2022
Maí 2022
Ritstjóri Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir
Útgefandi: ReykjavíkurAkademían
Útgáfunúmer: RA–2022–1
Þórunnartún 2
105 Reykjavík
Sími: 562 8565
Netfang: ra@akademia.is
Veffang: www.akademia.is




EFNISYFIRLIT

Stefnuskrá stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar.....	5
Aðgerðir	3
I Skilgreina hópinn og fylkja liði	3
II Bætt umhverfi rannsókna.....	4
III Hagræn áhrif.....	5
IV Hagsmunir á vinnumarkaði	6

Stefnuskrá stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar

Í stefnu ReykjavíkurAkademíunnar fyrir árin 2021–2025 er hlutverki hennar skilgreint þannig að stofnunin er í fyrsta lagi *vettvangur* rannsókna og nýsköpunar, miðlunar og menningar sjálfstætt starfandi fræðafólks, í öðru lagi *miðstöð* opinnar samfélagsumræðu og í þriðja lagi *félagsleg miðja* sjálfstætt starfandi fræðimanna sem leggur áherslu á að tengja, miðla, hvetja, styðja og skapa.



Stjórn ReykjavíkurAkademíunnar ákvað að leggja sérstaka áherslu á að efla stofnunina sem félagslega miðju samfélags sjálfstætt starfandi fræðafólks og vinna markvisst að því að bættu og auka þjónustuna við félagsfólk og að tala máli þess bæði á vinnumarkaði og í umhverfi rannsókna. Skilgreina þarf hópinn, þarfir hans og stöðu á vinnumarkaði og lyfta fram framlagi hans til íslensks samfélags bæði í samhengi við rannsóknir og nýsköpun og með hagrænum mælikvörðum.

Verkefnið er umfangsmikið og byggir framgangur þess nær alfarið á því að farið verði fram á ólíkum sviðum og í samvinnu við ýmsa hagaðila. Því munu fjölmargir aðilar innan og utan Akademiunnar á næstu árum koma að því langtíma verkefni að styrkja stöðu, sjálfsmynd og ímynd sjálfstætt starfandi fræðafólks á Íslandi.

Lokamarkmið stjórnar ReykjavíkurAkademiunnar er *að stofnunin standi undir því hlutverki sínu að vera samfélag sjálfstætt starfandi fræðafólks sem starfar í þeirra þágu og samfélagsins alls að því að tengja, miðla, hvetja, styðja og skapa*. Til að ná því markmiði hefur verkefninu verið skipt niður í fjögur undirmarkmið sem öll skarast með einum eða öðrum hætti:

- I. skilgreina hópinn og fylkja liði
- II. styrking rannsóknainnviða og rannsóknaumhverfis
- III. hagræn áhrif af starfsemi sjálfstætt starfandi fræðafólks
- IV. hagsmunir á vinnumarkaði

Aðgerðir sem grípa þarf til munu taka breytingum eftir því sem verkefninu vindur fram. Því er þessi stefnuskrá gerð til eins árs og komandi stjórn ReykjavíkurAkademiunnar hvött til þess að vinna uppfærða útgáfu af stefnuskránni fyrir komandi starfsár.

Stjórn ReykjavíkurAkademiunnar 2021–2022

Ingunn Ásdísardóttir formaður
Ásthildur Elva Benediktsdóttir varaformaður
Gylfi Gunnlaugsson ritari
Ingimar Einarsson gjaldkeri

Kristín Jónsdóttir meðstjórnandi
Lilja Hjartardóttir varamaður
Ásta Kristín Benediktsdóttir varamaður

Aðgerðir

Aðgerðir

I Skilgreina hópinn og fylkja liði

Í Félagi ReykjavíkurAkademíunnar eru hátt á annað hundrað félagar, þar af allt fræðafólk sem hverju sinni starfa í Þórunnartúni 2. Sá hluti sem hefur vinnuaðstöðu utan Akademíunnar gæti betur en í dag nýtt þá aðstöðu og þjónustu sem boðið er uppá. Þá eru í félaginu ýmsir sem í dag eru í föstum stöðum og mætti fremur kalla hollvini en félagsmenn. Að lokum eru í félaginu stofnanir og fagfélög sem flest nýta aðstöðu Akademíunnar í tengslum við starfsemi sína.

Þá er veruleg skörun milli fræðafólks sem starfar á sviði menningar, og hug- og félagsvísinda og annarra sjálfstætt starfandi aðila sem kenna sig við fræði og listir.

1. Skilgreininga sjálfstætt starfandi fræðafólk
 - Halda fundi með félögum og formönnum fagfélaga á sviði hug- og félagsvísinda
2. Skapa tengsl við félagana
 - Veflægt félagatal
 - Akademónar, fréttabréf/póstlisti
 - Framkvæma skoðanakönnun
 - Kynna þjónustuna í Þórunnartúni
 - Laða til baka fyrrum félaga
3. Efla þjónustuna og auka sýnileikann
 - Efla rafrænan vettvang
 - Markaðssetja, auglýsa og kynna
 - Sameiginleg ásýnd (glærur, netfang...)

II Bætt umhverfi rannsókna

Frá stofnun ReykjavíkurAkademíunnar árið 1997 hefur orðið breyting á stefnu stjórnvalda varðandi úthlutanir úr rannsóknasjóðum og aðgengi að rafrænum gagnasöfnum. Þessar breytingar og aðrar sem varða rannsóknaumhverfið og – rannsóknarinnviði sjálfstætt starfandi rannsakenda þarf að kortleggja vel.

1. Úttekt á breytingum á helstu sjóðum og úthlutunum úr þeim
2. Ræða við stjórnvöld og forsvarsmenn helstu stofnana, t.d.
 - ráðuneyti Háskóla, vísinda, iðnaðar og nýsköpunar
 - forsvarsmenn Rannís
 - forsvarsmenn Vísinda og tækniráðs
3. Ræða við hagaðila, t.d.
 - formenn fagfélaga á sviði hug- og félagsvísinda
 - kanna hug og þarfir félagsmanna FRA
 - Vísindafélag Íslendinga
4. Meta þörf á endurskoðun á úthlutunarreglum Starfslaunasjóðs ssf
5. Rannsóknainnviðir
 - Opinn aðgangur að rannsóknainnviðum
 - Efling sjóða með hliðsjón af þörfum sjálfstætt starfandi
 - Rannsóknþjónusta RA og umhverfi
 - Stúdentastofa, doktorsnemaþerbergi og H21 endurvakið

III Hagræn áhrif

Starf sjálfstætt starfandi fræðafólks er mikilvægt fyrir íslenskt samfélag en ósýnilegt í opinberum hagtölum. Úr því þarf að bæta með því að gera starfsemina sýnilega í menningarvísun Hagstofu Íslands en þeir snúa að miðlun hagræna mælikvarða um menningu og skapandi greina á Íslandi. Þetta er þróunarverkefni og í tengslum við það er meðal annars starfrækt Rannsóknasetur á Bifröst. Ástæða er til að RA komi að þessari vinnu og lyfti í þessu samhengi fram framlagi fræðafólks.¹ Markmiðið er að hagræn áhrif verði metin sem á sama hátt og á sömu forsendum og framlag lista og að fræðafólk njóti í kjölfarið öflugri styrkja til að iðka sín fræði.

1. Hafa frumkvæði að því að framkvæmd verði heildræn hagræn rannsókn á starfsemi og stöðu sjálfstætt starfandi fræðimanna á hug og félagsvísindasviði.
2. Ræða við:
 - Ráðherra menningar, viðskipta og ferðamála
 - Hagstofu Íslands um menningarvísa og hliðarflokkun hennar á menningargreinum.
 - Rannsóknasetrið á Bifröst
3. Fyrirlestraröð FRA um hagræn áhrif, haust 2022 eða vor 2023
4. Vinna ferilskrá RA 1997-2022 og uppfæra mánaðarlega
5. Vinna Félagatal RA 1997-2022 og viðhalda því
6. Lykiltölur RA spegli starfsemi fræðimannanna

¹ [Um menningarvísa.](#)

IV Hagsmunir á vinnumarkaði

Tryggja þarf að sjálfstætt starfandi fræðafólk njóti sama félagslega öryggis og sömu tækifæra til starfsþróunar og kollegar þeirra í launuðum stöðum. Þá þurfa kjarasamningar að taka tillit til þarfa þeirra. Almennt eru tekjur sjálfstætt starfandi fræðafólks það stopular og lágar að viðmið stéttarféлага háskólamanna varðandi aðild og ríkisskattstjóra varðandi rekstur eiga ekki við. Í samstarfi við stjórnvöld og stéttarfélög þarf að aðlaga viðmiðin og auka tekjur og tekjumöguleika sjálfstætt starfandi fræðafólks.

1. Kanna áhuga fræðafólks og þarfir
 - Gera könnun meðal félagsmanna
2. Bera saman kosti og galla við:
 - aðild RA að BHM
 - myndun hóps, t.d. innan Fræðagarðs
3. Vinna að breytingum á lögum og reglum
4. Efla tengsl við BHM og Fræðagarð
5. Ræða við Ríkisskattstjóra



AKADEMIA.IS